



Fundargerð

Fundur í Brunamála- og almannavarnanefnd

Þriðjudaginn 26.02.19 kl. 14:30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Fundargerð 1 bls. rituð á tölvu.

Mætt voru: Árný Huld Haraldsdóttir, Herdís Erna Matthíasdóttir og Eiríkur Kristjánsson og slökkviliðsstjóri Guðmundur Ólafsson, auk þess sat fundinn Tryggvi Harðarson sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Sveitarstjóri bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. **Kosning formanns:** Lagt til að Árný Huld Haraldsdóttir verði formaður nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.
2. **Stofnun byggðasamlags um brunavarnir:** Farið yfir drög að Byggðasamlagi með næstu nágrönnum um brunavarnir. Nefndin samþykkir drögin fyrir sitt leyti.
3. **Ráðning slökkviliðsstjóra:** Sveitarstjóri greindi frá stöðu ráðningarmála nýs slökkviliðsstjóra. Sex sóttu um en þrír hafa verið teknir til viðtals. Guðmundur mun láta af störfum þegar nýr slökkviliðsstjóri hefur verið ráðinn. Nefndin þakkar Guðmundi góð störf í gegnum tíðina.
4. **Staða brunavarna í Reykhólahreppi:** Guðmundur gerði grein fyrir stöðu brunamála í Reykhólahreppi.
5. **Önnur mál:** Almannavarnir. Guðmundur fór yfir verkefni almannavarna.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15:30.
